



Spáum 1,8% ársverðbólgu í desember

Hagstofan birtir vísitölu neysluverðs fimmtudaginn 21. desember.

Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,2% hækkun vísitölnnar milli mánaða.

Gangi spáin eftir hækkar ársverðbólgan úr 1,7% í 1,8%.

Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,16% milli mánaða í nóvember. Það var ívið meiri lækkun en við bjuggumst við, en við spáðum 0,1% lækkun.


Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- Sveiflukenndasti liðurinn í vísitölu neysluverðs, **flugfargjöld til útlanda**, hækkar alla jafna milli mánaða í desember. Við gerum ráð fyrir svipaðri breytingu milli mánaða og var að meðaltali seinustu ár.
- Út frá könnun okkar á verðsjá fasteigna gerum við ráð fyrir að **reiknuð húsaleiga** lækki á milli mánaða. Þessi liður mælir kostnað þess að búa í eigin húsnæði og hefur þróun íbúðaverðs því mikil áhrif á þennan lið. Eftir stöðugar og miklar hækkunir á þessum lið milli mánaða á síðustu ársfjórðungum fór að draga úr hækkunum nú í haust og mældist lækkun í október upp á 0,2%. Það var fyrsta lækkun liðarins í næstum 3 ár. Nokkuð sterkar vísbendingar virðast komnar fram um að tekið hafi að hægja á hækkun fasteignaverðs og styður verðkönnun okkar í nóvember þá túlkun.
- Við gerum ráð fyrir óbreyttu verði á **bensíni og díselolíu** milli mánaða.
- Inni í liðnum **aðrar vörur og þjónusta** eru meðal annars hreinlætis- og snyrtivörur og þjónusta hárgreiðslu- og snyrtistofa sem hækka alla jafna milli mánaða í desember.
- Verð á **fötum og skóm** lækkaði mjög óvænt um 3,5% milli mánaða í nóvember. Við gerum ráð fyrir hækkun, enda eru kaupmenn ekki vanir því að bjóða upp á útsölur í desember.

Verð á evru hefur hækkað um 1,8% milli verðkannana og verð á Bandaríkjadal hefur hækkað um 0,3%.

Spá okkar um breytingu milli mánaða í desember er 0,1 prósentustigi lægri en spáin sem við birtum í

	Vægi í VNV	Spá	
		Breyt.	Áhrif
Flugfargjöld til útlanda	1,1%	15,00%	0,16%
Aðrar vörur og þjónusta	6,2%	1,26%	0,08%
Föt og skór	3,5%	1,64%	0,06%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,9%	0,32%	0,04%
Áfengi og tóbak	2,8%	0,34%	0,01%
Ferðir og flutningar - annað	4,2%	0,13%	0,01%
Heilsa	3,9%	0,04%	0,00%
Hótel og veitingast.	5,0%	0,00%	0,00%
Menntun	0,9%	0,00%	0,00%
Bensín	1,8%	0,00%	0,00%
Póstur og sími	2,2%	-0,32%	-0,01%
Kaup ökutækja	7,0%	-0,13%	-0,01%
Tómst. og menning	9,8%	-0,18%	-0,02%
Matur og drykkjarv.	13,3%	-0,14%	-0,02%
Húsgögn og heimilisb.	3,9%	-0,62%	-0,02%
Reiknuð húsaleiga	20,5%	-0,40%	-0,08%
	100,0%		0,20%






nóvember. Skýrist það nær eingöngu af því að við lækkum spá okkar um reiknaða húsaleigu.

Gerum ráð fyrir 1,7% ársverðbólgu í febrúar

- **Janúar 2018: -0,4%**
Janúarútsölur á annars vegar fötum og skóm og hins vegar á húsgögnum og heimilisbúnaði.
- **Febrúar: +0,4%**
Janúarútsölurnar teygðu sig inn í febrúar á þessu ári og við gerum ráð fyrir að sama verði uppi á teningnum í febrúar næstkomandi.
- **Mars: +0,3%**
Janúarútsölurnar ganga til baka.


Spá okkar um mánaðarbreytingu í janúar er óbreytt frá því í nóvember, en við hækkum spá okkar um mánaðarbreytingu í febrúar um 0,1 prósentustig. Gangi spáin eftir verður ársverðbólga 1,9% í mars 2018.

Mánaðarbreyting VNV í desember



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verðbólguþáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.